

Reykjavík 14. desember 2015

Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefnasvid@althingi.

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á höfundalögum (lenging verndartíma hljóðrita) 362. mál.

Um er að ræða endurflutning máls frá síðasta þingi. STEF sendi þá inn umsögn um málið og er hún nánast samhljóða þeirri sem hér er.

STEF fagnar innleiðingu í íslensk lög á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/77/ESB frá 27. september 2011 breytingu á tilskipun 2006/116/EB um verndartíma hljóðrita og tiltekinn skyldra réttinda.

Eitt af meginatriðum frumvarpsins er að lögfesta þá útreiknireglu að þegar tónverk með texta á sér fleiri en einn höfund, skuli verndartími verksins teljast í 70 ár eftir andlát þess höfundar sem lengst lifir, hvort sem það er tónskáld eða textahöfundar, að því gefnu að framlag hvors um sig hafi verið ætlað til notkunar með viðkomandi tónverki ásamt texta. Hér á landi hefur framkvæmd STEFs verið sú sem að ofan er lýst og munu áhrif ákvæðisins því ekki verða mikil. Mikilvægt er þó að með þessu fær framkvæmdin lagastoð auk þess sem að framkvæmdin verður þá samræmd innan EES-ríkja.

Meginefni þessarar tilskipunar snýr þó að listflytjendum og hljóðritaframleiðendum og mælir hún fyrir um að lengja skuli verndartíma þessara aðila úr 50 árum frá útgáfudegi listflutnings í 70 ár. Með þessu er stigið mikilvægt skref í bæta rétt þessara aðila svo og að færa verndartíma þeirra nær verndartíma verka er njóta höfundaréttar. Bent hefur verið á að þegar gildandi verndartíma listflutnings er náð á 50 árum, eru listflytjendur oft um sjötugt og missa þar með mikilvægan tekjustofn seint á starfsævi sinni og þá sérstaklega þeir sem ekki eru jafnframt höfundar að viðkomandi tónlist.

Þá er jafnframt mikilvægt það nýmæli í frumvarpinu sem kveður á um að listflytjandi geti sagt upp samningi við útgefanda um framsal réttinda ef liðin eru 50 ár frá fyrstu útgáfu ef útgefandi hefur ekki verið að nýta hljóðritið með því að bjóða það til sölu í nægilegu magni eða gert það aðgengilegt almenningi. Mun þetta vonandi leiða til þess að eldri hljóðrit sem verið hafa ófánleg um nokkurt skeið verði endurútgefin eða þau gerð aðgengileg almenningi á annan hátt svo sem í gegnum tónlistarveitur á netinu.

Telur STEF þó að ganga megi nokkuð lengra í þessu samhengi þannig að sá möguleiki að segja upp útgáfusamningi, hafi útgefandi ekki séð til þess að hljóðrit sé fánlegt um nokkurt skeið, verði ekki bundinn við það að liðin séu 50 ár frá útgáfudegi. Ljóst er að mikill fjöldi

hljóðrita hefur ekki verið fánlegur um langt skeið þótt tíminn nái ekki 50 árum, en vegna ákvæða útgáfusamninga er ómögulegt fyrir viðkomandi listflytjendur að gefa út viðkomandi verk aftur. Hefur listflytjandinn svo og höfundur verkanna verulega fjárhagslega og ófjárhagslega hagsmuni af því að geta endurútféð verið í slíkum aðstæðum. Væri eðlilegra að miða t.d. við 20 ár í þessu samhengi. Þrátt fyrir að með frumvarpi þessu sé verið að leiða tilskipun ESB um sama efni inn í íslensk lög, er ekkert því til fyrirstöðu samkvæmt Evrópurétti að Ísland geri að þessu leyti strangari kröfur.

Virðingarfyllst

F.h. STEFs



Guðrún Björk Bjarnadóttir, framkv.stj.